

Gjöldin skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda eða ekki.

Hver sá, sem á eða hefur til umráða gjaldskyldar birgðir af bensíni hinn 1. janúar 1993 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður þess skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. janúar 1993.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. skal heimilt að gera innflutningsgjald af bensíni og sérstakt bensíngjald upp miðað við sölu birgða. Frestur til greiðslu gjaldanna til innheimtumanns ríkissjóðs skal þó aldrei vera lengri en svo að þau séu greidd áður en tveir mánuðir eru liðnir frá lokum sölumánaðar.

5. gr.

Reglugerð þessi, sett samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1993. Jafnframt fellur reglugerð nr. 257/1989 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1992.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Snorri Olsen.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 593/1987, um þungaskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 248/1991, orðist svo:
Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

- a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru allt að 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar í kg	Pungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar í kg	Pungaskattur kr.
Allt að 1000	91 412	2800 – 2999	150 271
1000 – 1999	116 844	3000 – 3199	156 956
2000 – 2199	123 530	3200 – 3399	163 642,
2200 – 2399	130 215	3400 – 3599	170 326
2400 – 2599	136 900	3600 – 3799	177 012
2600 – 2799	143 585	3800 – 3999	183 697

- b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru allt að 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum:

Eigin þyngd bifreiðar í kg	Pungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar í kg	Pungaskattur kr.
Allt að 1000	118 835	2800 – 2999	195 352
1000 – 1999	151 899	3000 – 3199	204 042
2000 – 2199	160 588	3200 – 3399	212 733
2200 – 2399	169 179	3400 – 3599	221 425
2400 – 2599	177 971	3600 – 3799	230 114
2600 – 2799	186 662	3800 – 3999	238 806

2. gr.

2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 592/1991, orðist svo:
Kílómetragjald skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.
4,0 – 4,9	6,26	15,0 – 15,9	13,32
5,0 – 5,9	6,68	16,0 – 16,9	14,39
6,0 – 6,9	7,20	17,0 – 17,9	15,44
7,0 – 7,9	7,55	18,0 – 18,9	16,38
8,0 – 8,9	7,89	19,0 – 19,9	17,62
9,0 – 9,9	8,25	20,0 – 20,9	18,55
10,0 – 10,9	8,76	21,0 – 21,9	19,61
11,0 – 11,9	9,10	22,0 – 22,9	20,85
12,0 – 12,9	10,22	23,0 – 23,9	21,85
13,0 – 13,9	11,20	24,0 – 24,9	22,84
14,0 – 14,9	12,38	25,0 og þyngri	23,96

3. gr.

Reglugerð þessi, sett skv. heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1993.

Hækkun gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra, sbr. 2. gr. tekur þó gildi strax að loknu 1. álestrartímabili sem er frá 20. janúar til 10. febrúar 1993, sbr. 8. gr. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 1. álestrartímabils skal innheimta hið hækkada gjald.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1992.

Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.